

## Ó, borg, mín borg...

Miðbæjarkjarni Reykjavíkur er einstakur og ekkert kemur í hans stað. Sögulegt samhengi og varðveisla sögulegra minja er forgangsatríði í þessari tillögu.

Meðal þess sem einkennir byggðina er að hús frá mismunandi tímum standa hlið við hlið, ólík að gerð og mælikvarða. Þessi margbreytileiki er til frásagnar um þróunarsögu borgarinnar sem skilyrðislaust ber að virða og hlúa að. Tillagan leitast við að treysta og efla þessa sérstöðu Kvosarinnar svo gildi hennar fyrir mannlífið í borginni verði sem mest. Ekki er þörf á róttækum breytingum heldur er nauðsynlegt að skilja kjarnann frá hisminu, nýta efniviðinn og meta að verðleikum. Staga þarf af varfærni í götin og bæta inn nýjum þráðum í sögulega uppistöðuna. Smágerður mælikvarði Kvosarinnar er enn mikilvægari en áður í ljósi tröllaukinnar uppbyggingar norðan Tryggvagötu.

Í þessu skyni leggjum við til að nokkur markmið verði höfð að leiðarljósi:

### Hlutverk miðborgarinnar

Miðbærinn er jafnframt menningarleg miðja Íslands og á sér djúpar rætur í þjóðarsálinni. Þar safnast menn saman á hátíðum, t.d. á 17. júní, Listahátíð, menningarnótt og Þorláksmessu. Þangað kemur almúginn og tjáir vilja sinn til breytinga á samfélaginu í krafti fjöldans eða mótmælir óréttlæti. Miðbærinn er ekki aðeins staður til að versla heldur ekki síður til að sýna sig og sjá aðra, tjá sig, skoða og skynja.

### Skýr stefna og umboð til framkvæmda

Kvosin verðskuldar sérstaklega vandaða uppbyggingu. Koma þarf á metnaðarfullri stjórn með faglega getu og þekkingu til að efla gæði og ímynd umhverfisins með heildarhagsmuni borgarbúa að leiðarljósi. Hún þarf að hafa traust umboð almennings, hagsmunaaðila og borgaryfirvalda til að undirbúa jarðvegin og greiða úr málum sem standa þróun miðbæjarins fyrir þrifum. Stjórnin gæti t.d. sett ákvæði um starfsemi, að jarðhæðir allra bygginga opnast að mannlífinu á götunni, eytt lagalegri óvissu um byggingarréttindi o.s.frv. Stjórnin þarf þó einnig að hafa fjárhagslegt bolmagn og úrræði til mikilvægra samfélagslegra verka sem allir borgarbúar njóta góðs af.

### Bílar-almenningsgöngur

Best er að bílastæði séu í útjaðri miðborgarkjarna svo umferð að bílastæðahúsum beinist ekki inn í gatnakerfi miðborgarinnar. Bílastæði undir tónlistarhúsi þjóna norðurhluta Kvosarinnar en lagt er til að nýtt bílastæði undir Tjörninni þjóni suðurhluta. Gerð er tillaga um nýtt niðurgrafið bílastæði á bak við Stjórnarráðið fyrir starfsmenn þess og nýbyggingu þar yfir.

Efla þarf almenningsgöngur ekki síst hjólandi og gangandi vegfarenda, sem þurfa að hafa forgang á akandi umferð. Áhersla er lögð á hæga bílaumferð sem skilar meiri afköstum og fyrirferðarminni götum auk þess sem slysaþætta minnkar.

Umferð um Lækjargötu er ámóta mikil og Hverfisgötu sem er aðeins ein akrein í hvora átt en Lækjargata hefur tvær. Tryggvagata er ein akrein í austur á milli Pósthússtrætis og Lækjargötu (eftir endurskoðun vegna TRH) þrátt

fyrir umtalsvert meiri umferð en Lækjargata. Fríkirkjuvegur og Sóleyjargata, sem eru framhald Lækjargötu, eru aðeins ein akrein í hvora átt og ekki verður því betur séð en hægt sé að mjókka Lækjargötu svo hún verði ein akrein í hvora átt með sérakreinum fyrir strætisvagna og leigubíla ásamt beygjureinum og skammtímabílastæðum. Þannig skapast svigrúm til að endurskapa lækinn, auk þess sem gatan verður fallegri og í betra samræmi við húsin sem við hana standa.

## Stræti og torg lögð náttúrusteini

Umferðargötur í sögulegum kjarna borgarinnar verða lagðar brústeini (rennusteini) til staðfestingar á mikilvægi staðarins svo þeir sem leið eiga um sjái og finni hvar þeir eru staddir. Gangstéttir og torg verða lögð náttúrusteini. Í miðborginni verða sérstök, vönduð götugögn, þ.e. ljósastaurar, hitaðir bekkir, vatnshonar, brunnlok, ruslatunnur o.s.frv., sem aðeins fyrirfinnast í miðborg Reykjavíkur og eru hluti af heildarímynd hennar. Sögulegur kjarni borgarinnar verður lýstur með gasljósum sem nota methangas framleitt í Sorpu. Gasljós gefa byggðinni mjúkan og hlýlegan blæ sem undirstrikar mikilvægi staðarins en vekur einnig til umhugsunar um orkunotkun og endurvinnslu.

## Lækjartorg fær stærra hlutverk

Gerð er tillaga að kjallara undir torginu fyrir Kolaportsmarkaðinn í gjörbreyttri mynd með almennan opnunartíma og áherslu á hreinleika, gæði og ferska matvöru. Markaðurinn opnast upp í sælkeradeild Kolaportsins í kjallara og undir glerpaki í húsasundinu á milli Austurstrætis og Hafnarstrætis. Yfirborð Lækjartorgs verður endurgert úr íslenskum náttúrusteini og í það grópað stórt jarðfræðikort af landinu. Jöklarnir verða gerðir úr hvítu gleri sem veitir dagsbirtu niður í Kolaportsmarkaðinn. Á góðviðrisdögum verða markaðsbúðir settar upp á torginu undir berum himni, svo mannlífið tekur breytingum eftir árstíðum.

Gert er ráð fyrir að Lækjartorg geti stækkað sem samkomustaður yfir að stjórnarráðinu en Lækjargata mun þó framvegis liggja á sínum stað yfir torgið, nema mjórri en áður og lögð nýjum götusteinum.

Lækurinn er endurvakinn á sínum upprunalega stað í steinhleðslustokki eftir endilangri Lækjargötu og gangstéttarsvæði breikkað til muna. Trjáröð er meðfram læknum endilöngum og önnur sólarmegin í Austurstræti, svo torgið er umlukið trjám

## Umgjörð Lækjartorgs

Þar sem Hafnarstræti 20 stendur norðan við Lækjartorg var áður Thomsensmagasín, eitt stærsta og glæsilegasta verslunarhús Reykjavíkur á fyrri hluta 20. aldar. Það var í tveimur byggingum, annarri með mansardpaki þar sem Hótel Hekla var síðar til húsa, hinnar með mænispaki sem einnig var kennt við Smjörhúsið. Lagt er til að Hafnarstræti 20 verði rífið og í stað þess verði reist vandað, nýtt fimm hæða hús á vesturhluta lóðarinnar, sem beri minni um Thomsensmagasín. Á austurhlutanum verði húsið sem áður stóð að Lækjargötu 4 endurbyggt andspænis stjórnarráðinu í götulínu Lækjargötu. Húsinu verður lyft um eina hæð, en það myndar mikilvæga tengingu á milli götumynda eldri húsa í Hafnarstræti, Austurstræti og Lækjargötu. Við þetta styrkist heildarmynd fingerðra eldri húsa í Kvosinni og verður mun áhrifameiri.

Byggingarnar vestan við Lækjartog verða endurbyggðar eða endurbættar. Jarðhæð hliðarbyggingar Héraðsdóms verður opnuð í gegn þannig að Lækjartorg tengist innsvæðinu bak við húsið. Aðalbygging Héraðsdóms er að stofni til grágrýtishús Íslandsbanka frá 1901 sem gjörbylt var og hækkað um fjórar hæðir árið 1962. Mikilvægt er að viðhaldi þess sé sinnt en töluvert vantar á að svo sé nú. Stigahús vestan við húsið verður rífið og nýtt gert í þess stað til að hægt sé að endurvekja gamla Kolasundið.

## Hafnarstræti, Tryggvagata, Pósthússtræti og Kolasund

Hafnarstræti 18 á sér margslungna þróunarsögu og nú bætist við hana nýr kaflí þegar húsið verður endurbætt, fært í heilsteyptan búning og hækkað um eina hæð. Húsaröðin norðan við Hafnarstræti, nr. 15-19 verður einnig endurnýjuð og færð til fyrra horfs. Lóðin Hafnarstræti 19 nær að Tryggvagötu og lagt er til að þar verði reist fimm hæða nýbygging vestan við endurvakið Kolasund. Reist verður fimm hæða nýbygging á lóðunum Pósthússtræti 1 og Tryggvagötu 30, sem jafnframt liggur að Kolasundi. Kolasund verður opnað að nýju sem gönguleið frá Austurstæti að höfninni. Það mun liggja þvert í gegnum sælkeramarkað Kolaportsins.

## Lækjargata – Pósthússtrætisreitur

Skjólþsæl gönguleið verður opnuð frá Austurstræti að Skólalabru, milli húsaraðanna við Lækjargötu og Pósthússtræti. Jarðhæðir sem flestra húsa verða opnaðar að gönguleiðinni. Bakbygging Hressingarskálans verður rifin og skrudgarður Árna Thorsteinssonar endurvakinn sem almenningsgarður við gönguleiðina, en hann er vafalítið fallegasti og skjólbesti garður Kvosarinnar.

Lagt er til að bygging Nýja bíós verði endurreist við austurmörk hinnar nýju gönguleiðar um skjólgóða bakgarða. Jarðhæð hússins opnast að gönguleiðinni og skrudgarðinum til vesturs og þar er ákjósanlegt að sitja á góðviðrisdögum og njóta kvöldsólarinnar. Kjallari verður undir húsinu sem tengist nýjum kjöllurum undir viðbyggingum við Lækjargötu 2A og 4, en neðanjarðartenging er einnig í norður við Austurstræti 20 og 22.

Bak við Lækjargötu 4, Jómfrúna, verður reist tvílyft viðbygging sem afmarkar og opnast að gönguleiðinni. Vestan við gönguleiðina verður reist nýtt hús, 2-3 hæðir, kjallari og ris, sem tengist Hótel Borg. Þar verða veitingasalir á jarðhæð sem snúa að göngugötunni.

Með þessum aðgerðum er gert ráð fyrir að bakgarðurinn gangi í endurnýjun lífdaga og verði ómetanlegur samverustaður í hjarta miðborgarinnar.

### Austurstræti 20 – friðað hús

Húsið er friðað samkvæmt þjóðminjalögum. Það er byggt í nokkrum áföngum á árunum 1805–1957. Lagt er til að sá hluti hússins sem liggur að Austurstræti verði varðveittur og endurbættur í samræmi við upprunalega gerð en jafnframt verði húsið hækkað að hluta til og gert tvílyft. Þó þannig að byggingarsaga hússins birtist í útliti þess.

### Lækjargata 2

Húsið er fyrsta hornhúsið í Reykjavík á sér langa og fjölbreytta byggingarsögu. Það sést oftast en flest önnur hús á gömlum ljósmyndum frá Reykjavík. Því veldur bæði staða þess í bæjarmyndinni og sú staðreynd að Sigfús Eymundsson ljósmyndari bjó í húsinu og hafði þar vinnustofu sína. Lagt er til að húsið verði endurbætt og hækkað um eina hæð. Horft verði til þess hvernig húsið leit út á blómaskeiði sínu um aldamótin 1900 og jafnframt lögð áhersla á að þróunarsögu þess megi lesa af útlitinu. Ljósmyndastúdíó Sigfúsar var vestan megin í húsinu með stórum atelier-glugga og fer vel á því að endurskapa það.

Steinsteypugafl Bifreiðastöðvar Reykjavíkur frá þriðja áratug síðustu aldar stendur áfram.

### Austurstræti 22

Ekki hefur verið skorið úr því hvort líta beri á Austurstræti 22 sem friðað hús sem skemmst hefur í eldsvoða eða sem brunarústir. Í fyrra tilvikinu á tvímælalaut að gera við húsið og færa það í þá mynd sem það hafði á blómaskeiði sínu. Í síðara tilvikinu átti að varðveita þau ummerki hússins sem enn eru til staðar og fella þau að nýbyggingu sem tæki mið af gömlu timburhúsunum til beggja handa. Í tillögu okkar er miðað við að húsið hafi aðeins orðið fyrir skemmdum og það verði endurbyggt. Komist húsafriðunaryfirvöld að þeirri niðurstöðu að hér sé um brunarústir að ræða

þá leggjum við hins vegar til að hér verði reist tvílyft nýbygging úr timbri og minjar gamla hússins varðveittar í því.

### **Pósthússtræti 9**

Húsið verður endurbætt í sömu mynd en gert eins vandað og kostur er. Þar sem það stendur milli Hótels Borgar og húss Nathan og Olsen er það áhrifamikið dæmi um sögulega breytingu á listrænu mati arkitekta á 20. öld.

## Lækjargata 8

Húsið er merkilegt hornhús við Skólalabru, sem þarf að endurbæta í samræmi við upphaflega gerð þess. Aftan við húsið er skábraut að bílageymslu í kjallara sem tilheyrir Pósthússtræti 13-15 og Lækjargötu 4. Lagt er til að reist verði ný tveggja hæða bygging yfir skábrautina. Hún verður tengd Lækjargötu 8 með einnar hæðar millibyggingu. Nýbyggingin getur orðið til verulegra umhverfisbóta og hún mun hylja skábrautina.

## Núllið-skrúðgarður

Bankastræti núll verður endurbætt eða endurbyggt á sama stað og það er nú og gert aðgengilegt fyrir fatlaða.

Í Bakarabrekkunni sunnan við Núllið, þar sem nú er útitafl og brött brekka, er gert ráð fyrir jöfnum halla til vesturs, eins og menntaskólatúnið, og að þar verði skruðgarður endurgerður.

## Kjarni málsins er fagurfræðilegt aðhald

Lagt er til að öll uppbygging sem á sér stað, bæði endurbætur á húsum og nýbyggingar, verði eins vönduð og kostur er. Miklar kröfur verða gerðar til hönnunar og frágangs. Gæði verða metin mikils en magni stillt í hof.

Þrátt fyrir góðan ásetning hefur reynst efitt að tryggja fagurfræðileg gæði í skipulagi, enda ekki mögulegt að skilgreina svo huglægt grundvallaratriði með reglugerðum eða tölum.

Losa þarf Kvosina úr viðjum mælanlegra þátta í skipulagi og hefja upp á nýtt svið þar sem óáþreifanleg gæði eins og andrúmsloft, tilfinning, saga og menning verða í fyrirrúmi.

Þetta er vandmeðfarið, en í mörgum borgum Evrópu hefur verið komið á fót sérstakri dómnefnd til að fjalla um byggingaráform í elstu hverfunum og meta þau út frá sögulegum og fagurfræðilegum forsendum. Koma þarf á sambærilegri nefnd sem hefur skýrt umboð til að velja og hafna byggingaráformum í Kvosinni.

Markmiðið er að efla miðbæinn og hefja á þann stall sem honum hæfir.

Argos  
Gullinsnið  
Og  
Studio Granda  
Ágúst 2007